



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 9. mars 2015.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 31. október sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu, 27. mál á 144. löggjafarþingi.

Í þingsályktunartillögunni felst að heilbrigðisráðherra setji fram aðgerðaáætlun til eflingar fjarheilbrigðisþjónustu svo bjóða megi landsmönnum, hvar sem þeir eru í sveit settir, fjölbreytta, skilvirka og örugga heilbrigðisþjónustu. Ráðherra upplýsi Alþingi fyrir 1.mai 2015 um tímasetta aðgerðaáætlun.

LÍ lýsir ánægju með fram komna þingsályktunartillögu og styður hana. Félagið telur að efling fjarheilbrigðisþjónustu sé líkleg til að efla heilbrigðisþjónustuna í heild og bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu, ekki síst í dreifbýli. Þess ber þó að gæta að fjarheilbrigðisþjónusta getur aldrei leyst staðbundna heilbrigðisþjónustu algerlega að hólmi en hún getur orðið mikilvæg viðbót við staðbundna þjónustu og bakhjarl fyrir hana.

LÍ er kunnugt um að vísir að fjarheilbrigðisþjónusta er þegar til staðar, t.d. á Kirkjubæjarklaustri, eins og vikið er að í greinargerð með tillögunni. Um fjarheilbrigðisþjónustu og möguleika sem hún gefur var t.d. fjallað á Læknadögum 2014.

LÍ mælir með að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt. Verði eftir því leitað eru fulltrúar frá félaginu að sjálfsögðu tilbúnir til að mæta á fund velferðarnefndar til að ræða frekar efni þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.